



1. útgáfa / 05.05.2009

## Öryggisblað (MSDS)

skv. reglugerð UST nr. 750/2008 (REACH)

### 1. AUÐKENNING EFNISINS EÐA EFNABLÖNDUNNAR OG FÉLAGSINS EÐA FYRIRTÆKISINS

**Vöruheiti:** Petrol Treatment  
**Notkunarsvið:** Íblöndunarefni í eldsneyti  
**Söluaðili:** N1  
 Dalvegur 10-14  
 201 Kópavogur  
**Sími:** 440 1000  
**Netfang:** n1@n1.is  
**Veffang:** www.n1.is

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Símanúmer neyðarlínunnar er 112.

### 2. HÆTTUGREINING

#### Fólk:

Efnið telst varasamt fólk skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.

Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.

Sjá einnig 11. og 15. lið.

#### Umhverfi:

Efnið telst varasamt umhverfinu skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Efnið flokkast ekki sem hættulegt umhverfinu (N) skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

Sjá einnig 12. lið.

### 3. SAMSETNING INNIHALDSEFNA/UPPLÝSINGAR UM INNIHALDSEFNI

Innihaldsefni	CAS-nr.	EINECS-nr.	Flokkur	Merki	H-setningar	Styrkur
1,2,4-Trímetylbenzen	95-63-6	202-436-9	-	Xn,N	10-20-36/37/38-51/53	1-5%
Eimi (úr jarðolíu), vetnisméðhöndluð, létt	64742-47-8	265-149-8	-	Xn	65-66	60-100%
Leysibensín (úr jarðolíu), létt, arómatískt (bensen <0,1%)	64742-95-6	265-199-0	-	Xn,N	10-37-51/53-65-66-67	1-5%

Sjá texta H-setninga og heiti varnaðarmerkja innihaldsefna í 16. lið.

Sjá flokkun efnisins í 2. og 15. lið og H- og V-setningar þess í 15. lið.

### 4. RÁÐSTAFANIR Í SKYNDIHLJÁLPI

#### Almennt:

Öryggisblað skal ætíð vera tiltækt á vinnustað.

Ef grunur um heilsutjón eða krankleika vaknar leitið þá strax læknis.

Tryggið eigið öryggi við hjálparstörf.

Sé sá slasaði meðvitundarlaus; leggið hann í læsta hliðarlegu og leitið strax læknis.

Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlausu fólk!

Hafið í huga að hættulegt getur verið að veita blástursaðferð ef efnið er eitrað, hættulegt við inntöku eða ætandi.

Við hjartastopp, beitið hjartahnoði.

Sýnið lækni öryggisblað.

**Innöndun:**

Tryggið umsvifalaust ferskt loft.

Fjarlægið þann slasaða frá hættusvæði.

Veitið öndunaraðstoð andi sá slasaði óreglulega eða alls ekki. Þjálfaður aðili getur gefið þeim slasaða súrefni.

Leitið strax læknis.

**Snerting við augu:**

Fjarlægið linsur ef við á. Skolið strax með miklu af vatni í a.m.k. 15 mín. og haldið auganu vel opnu á meðan.

Leitið strax læknis ef óþæginda er enn vart eftir skolon.

**Snerting við húð:**

Þvoið strax vel með sápu og miklu af vatni. Fjarlægið strax fatnað sem komist hefur í snertingu við efnið.

Leitið strax læknis verði ertingar vart (t.d. roða í húð) eftir þvott.

Fatnað sem mengast hefur af efninu skal þvo.

**Inntaka:**

Skolið munn vel með miklu vatni.

Framkallið EKKI uppköst.

Hafið strax samband við lækni.

Hafið öryggisblað tiltækt.

## 5. RÁÐSTAFANIR VEGNA SLÖKKVIÐGERÐA

**Æskileg/nauðsynleg viðbrögð við eldsvoða:**

Fjarlægið umbúðir af eldstað sé slíkt mögulegt - ef ekki, kælið með vatnsúða.

Gætið þess að efni frá slökkvistarfi og mengað vatn berist ekki í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

**Viðeigandi slökkviefni:**

Alkóhólþolin froða, kolsýra, slökkviduft eða fínn vatnsúði.

**Slökkviefni sem af öryggisástæðum má ekki nota:**

Kraft- og/eða rúmmálsmikil vatnsbuna. Hætta er á að eldur dreifist.

**Sérstök hættu vegna efnisins eða efna sem myndast við bruna:**

Forðist innöndun reyks.

Við bruna geta myndast köfnunarefnisoxíð (NOx), kolmónoxíð (CO) og koldíoxíð (CO2).

**Persónulegur hlífðarbúnaður:**

Heilgalli og ferskloftsgríma (SCBA)

## 6. RÁÐSTAFANIR EF EFNI FER ÓVART TIL SPILLIS EÐA ER LOSAÐ FYRIR SLYSNI

Sjá 8. lið fyrir takmörkun áverkunar og notkun persónuhlífa og 13. lið fyrir förgun.

**Tilkynningar:**

Berist efni á einhvern hátt í umhverfið skal tilkynna það viðeigandi yfirvöldum, s.s. lögreglu, slökkviliði og heilbrigðiseftirliti.

**Til verndar fólki:**

Haldið fólki fjarri.

Forðist snertingu efnisins við húð og augu.

Tryggið góða loftræstingu.

Notið viðeigandi hlífðarfatnað. Sjá lið 8.

Forðist innöndun gufu/úða.

**Til verndar umhverfi:**

Stöðvið útbreiðslu efnis sem lekið hefur niður.

Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, sjó/vatn, grunnvatn eða jarðveg.

**Aðferðir við hreinsun:**

Hreinsið upp með óbrennanlegu ísogsefni, s.s. mold, sandi, kísilgúr eða sambærilegu efni.

Mokið upp og komið fyrir í merktu íláti. Fargið eins og fram kemur í 13. lið.

Skolið svæðið ítarlega með miklu vatni að hreinsun lokinni.

## 7. MEÐHÖNDLUN OG GEYMSLA

### Meðhöndlun:

Öryggi fólks við meðhöndlun:

Sjá 6. lið.

Tryggið góða loftræstingu.

Notið viðeigandi persónuhlífar og takið mið af mengunarmörkum (sjá 8. lið).

Fylgið notkunarleiðbeiningum.

Neysla/geymsla mat- og drykkjarvara auk reykinga er óheimil í vinnurými.

Forðist innöndun og alla snertingu efnisins við augu og húð. Fjarlægjið strax fatnað sem kemst í snertingu við efnið.

Viðhafið góðar venjur og hreinlæti við meðhöndlun efnavara.

Varnir vegna eld- og/eða sprengihættu:

Verndið fyrir hita og beinu sólarljósi.

Haldið fjarri íkveikjuvöldum - Reykingar bannaðar.

Gerðið ráðstafanir gagnvart stöðurafmagni.

Til varnar umhverfi:

Hellið ekki í niðurföll.

### Geymsla:

Almennt:

Geymið aðeins í vel lokuðum upprunalegum umbúðum.

Efni geymt með öðrum efnum:

Sjá 10. lið.

Geymið fjarri hita, neistum, eldi og öðrum hugsanlegum íkveikjuvöldum.

Sérstakar geymsluaðstæður:

Sjá 9. og 10. lið.

Geymið á þurrum, svölum og vel loftræstum stað.

Umbúðir:

Notið umbúðir úr ryðfríu stáli eða smíðajárni.

## 8. TAKMÖRKUN VÁHRIFA/PERSÓNUHLÍFAR

Tryggið góða loftræstingu annað hvort með staðbundnu útsogi eða almennri loftræstingu.

Engin mengunarmörk hafa verið skilgreind fyrir efnið, en eftirfarandi mengunarmörk gilda fyrir þau innihaldsefni þess sem getið er í 2. lið skv. reglum VER nr. 154/1999 með síðari breytingum:

Efni	Meðalgildi ppm	Meðalgildi mg/m <sup>3</sup>	Þakgildi ppm	Þakgildi mg/m <sup>3</sup>
1,2,4-Trímetylbenzen	20	100	-	-

### Persónuhlífar:

Til hlífðar öndunarfærum:

Sé loftræsting ekki nægjanleg skal nota viðurkenndar öndunargrímur.

Til hlífðar höndum:

Við langvarandi eða síendurtekna snertingu: Notið viðeigandi, viðurkennda hlífðarhanska.

Mælt er með notkun húðverndandi handáburðar (berið á áður en vinna hefst).

Kannið þol hlífðarhanska áður en þeir eru notaðir í fyrsta skipti.

Athugið að ítarlegar prófanir hafa ekki farið fram á þoli hlífðarhanska gagnvart efninu.

Valið byggir á bestu þekkingu og upplýsingum um innihaldsefni og upplýsingum framleiðanda hlífðarhanska.

Til hlífðar augum:

Notið viðurkennd hlífðargleraugu.

Til hlífðar húð:

Hlífðarfatnað skal velja með hliðsjón af notkun efnisins og hættum þess samfara.

Þvoið mengaðan fatnað eftir notkun, ef ekki er möguleiki á því meðhöndlið fatnaðinn sem mengaðan úrgang.

### Tæknilegar ráðstafanir:

Augnskol og neyðarsturta.

## 9. EÐLIS- OG EFNAFRÆÐILEGIR EIGINLEIKAR

### Almennar upplýsingar:

Form:	Vökvi
Litur:	Glær, ljósbrúnn
Blossamark:	71°C (Closed cup)
Eðlisþyngd við 20°C:	0,804 g/cm <sup>3</sup>
Leysanleiki:	
Vatn:	Óleysanlegt

## 10. STÖÐUGLEIKI OG HVARFGIRNI

### Aðstæður sem skal forðast:

Sjá 7. lið.  
Stöðugt við tilætlaða notkun og réttar geymsluaðstæður.  
Hiti, opinn logi, blossar og aðrir íkveikjuvaldar s.s. stöðurafragn.

### Efni sem skal varast:

Sjá 7. lið.  
Sterkir oxunarmiðlar (t.d. ýmis bleikiefni o.þ.h.).

### Varasöm niðurbrotsefni:

Sjá 5. lið.  
Við bruna geta myndast köfnunarefnisoxíð (NO<sub>x</sub>), kolmónoxíð (CO) og koldíoxíð (CO<sub>2</sub>).

## 11. EITUREFNAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Efnið telst varasamt fólki skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Engar upplýsingar liggja fyrir um eiturfræðileg áhrif efnisins, en eftirfarandi upplýsingar byggja á þekkingu á innihaldsefnum þess.

### Bráð/síðbúin eituráhrif:

#### Innöndun:

Innöndun svifúða/gufu getur valdið ertingu í lungum og öndunarvegi.

#### Snerting við augu:

Getur valdið ertingu og sársauka í augum.

#### Snerting við húð:

Við tíða eða endurtekna snertingu getur efnið valdið þurri og/eða sprunginni húð. Efnið affitar húð.

#### Inntaka:

Hættulegt: Getur valdið lungnaskemmdum við inntöku.

Getur valdið ógleði, uppköstum og niðurgangi.

### Frekari upplýsingar:

Efnið inniheldur lífræn leysiefni sem geta borist í líkamann við síendurtekna eða langvarandi snertingu við húð og við innöndun eða inntöku. Lífræn leysiefni geta valdið skaða á nýrum, lifur og miðtaugakerfi. Einkenni geta m.a. verið höfuðverkur, svimi, þreyta, vöðvaverkir, sljóleiki og sé um mjög mikið magn að ræða meðvitundarleysi.

## 12. VISTFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

Efnið telst varasamt umhverfinu skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Efnið flokkast ekki sem hættulegt umhverfinu (N) skv. reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum.

Engar upplýsingar liggja fyrir um umhverfisáhrif efnisins.

Upplýsingar í þessum lið byggja á þekkingu á innihaldsefnum.

Látið efnið ekki berast í niðurföll eða menga vatn/sjó.

### Umhverfiseituráhrif:

Skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni.

## 13. ATRIÐI VARÐANDI FÖRGUN

### Förgun efnis/efnisleifa:

Farga skal efninu og leifum þess skv. gildandi lögum og reglum.

Koma skal efninu til móttökustöðvar.

Efnið flokkast sem hættulegur úrgangur og skal fargað í samræmi við það.

### Förgun umbúða undan efninu:

Farga skal umbúðum undan efninu skv. gildandi lögum og reglum.

Tæmið umbúðir vel og hreinsið ef hægt er áður en þeim er skilað til förgunar/endurvinnslu.

Umbúðum, sem ekki er hægt að tæma eða hreinsa á fullnægjandi hátt, skal fargað á sama hátt og efninu.

**14. UPPLÝSINGAR VARÐANDI FLUTNING**

Varan flokkast ekki sem hættulegur varningur skv. alþjóðlegum samþykktum (ADR/RID, IMDG, ICAO/IATA).

**15. UPPLÝSINGAR VARÐANDI REGLUVERK**

Merkingar eru í samræmi við reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum og upplýsingar frá framleiðanda. Innihaldsefni uppfylla kröfur reglugerðar nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir (REACH).

**Varnaðarmerki:** Xn



**Varnaðarorð:** Hættulegt heilsu.

**Innihald (m.a.):** Eimi (úr jarðolíu), vetnismeðhöndluð, létt

**Hættusetningar:**

- |       |   |
|-------|---|
| 65    | Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.                            |
| 66    | Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.                  |
| 52/53 | Skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni. |

**Varnaðarsetningar:**

- |    |   |
|----|---|
| 2  | Geymist þar sem börn ná ekki til.   |
| 24 | Varist snertingu við húð.   |
| 46 | Leitið umsvifalaust lækni eftir inntöku og sýnið umbúðir eða umbúðamerkingar. |

**16. AÐRAR UPPLÝSINGAR**

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

**Hættusetningar innihaldsefna:**

- |          |   |
|----------|---|
| 10       | Eldfimt.  |
| 20       | Hættulegt við innöndun.   |
| 37       | Ertir öndunarfæri.  |
| 51/53    | Eitrað vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni. |
| 65       | Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku.                          |
| 66       | Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð.                |
| 67       | Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima.                            |
| 36/37/38 | Ertir augu, öndunarfæri og húð.   |

**Varnaðarmerki innihaldsefna:**

- Xn - Hættulegt heilsu  
N - Hættulegt umhverfinu

**Útgáfa:** 1.

**Dags.:** 05.05.2009

Öryggisleiðbeiningar þessar eru unnar af Mannviti (DBR).

SNR Mannvits: OB-100-018-2.100.012

*Öryggisleiðbeiningar þessar eru byggðar á okkar bestu þekkingu ásamt upplýsingum frá framleiðanda og eru unnar í samræmi við gildandi reglugerðir. Öryggisleiðbeiningarnar eiga einungis við um vöruna eins og hún kemur frá söluaðila. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir hverju sinni.*